



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. september 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001
(framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar)**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), aðildarsamtök Samtaka iðnaðarins, vísar til máls nr. 152/2022 sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 24. ágúst sl., þar sem kynnt er til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar). Fram kemur í umfjöllun um málið að frumvarpið kveður m.a. á um breytingar á kvikmyndalögum í átt að nútímalegu fyrirkomulagi sjóðakerfis leikinna sjónvarpsþáttaraða. Horft hafi verið til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins þar sem styrkir til framleiðslu endurgreiðast samkvæmt ákveðnu hlutfalli af tekjum á heimsvísu af þáttaröð. Ekki er að finna sambærilega heimild til endurgreiðslu í núverandi kvikmyndalögum. Með breytingarfrumvarpinu er Kvikmyndasjóði heimilt að veita styrki sem geta falið í sér kröfu um endurheimt sambærilega þeim sem Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn veitir.

SÍK fagnar frumvarpi til laga um breytingu á kvikmyndalögum en frumvarpið heimilar m.a. nýjan flokk framleiðslustyrkja til lokafjármögnunar á gerð sjónvarpsþáttaraða. Undanfarin ár hefur SÍK í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að auka við stuðning við framleiðslu sjónvarpsþáttaraða. Mikilvægt er að til staðar sé kerfi sem annar hröðu þróunar- og fjármögnunarferli ört vaxandi verkefna í sjónvarpsgerð. SÍK hefur jafnframt talað fyrir því að slíkt kerfi skuli byggt að fyrirmynd Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins með það að markmiðið að ýta undir framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþáttaraða. Þannig er ánægjulegt að sjá að breytingartillögur frumvarpsins er varðar framleiðslustyrk sem felur í sér kröfu um endurheimt séu að fyrirmynd Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins. Að mati SÍK eru efnistöð frumvarpsins er varðar nýjan styrkjaflokk afar jákvætt skref sem tekur mið af knýjandi þörf innan greinarinnar. Fagnar því SÍK tilkomu þessa frumvarps og telur mikilvægt að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Lilja Björk Guðmundsdóttir".

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins